

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland við Varmárósa

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Varmárósa voru lögð fram til kynningar þann 31. mars 2023 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 19. maí. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá fimm aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar þeim sem sendu ábendingar og athugasemdir.



<p>Náttúrufræðistofnun Íslands</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) gerir eftirfarandi athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins við Varmárósa:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. NÍ spyr hvort ekki væri eðlilegt að vinna eina stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlöndin við Varmárósa og Blikastaðakró-Leiruvog þar sem þau liggja saman. 2. Kafli um gróður, vistgerðir og jarðveg. NÍ bendir á að umorða þurfi texta um gróður sem sé villandi. 3. Kafli um dýralíf. NÍ leggur til breytingar á hluta textans um fuglalíf í friðlandinu. 4. NÍ leggur auk þess til að orðalagi verði breytt á nokkrum stöðum í áætluninni. 	<p>Viðbrögð samstarfshóps</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Ástæða þess að ein áætlun er ekki unnin sameiginlega fyrir bæði friðlöndin er sú að vinna við áætlun Varmárósa var langt komin þegar svæðið Blikastaðakró - Leiruvogur var friðlýst. Það heyrir einnig undir tvö sveitarfélög, Reykjavík og Mosfellsbæ. 2. Textinn var lagfærður í samræmi við ábendingarnar. 3. Texta var breytt skv. ábendingum. 4. Orðalagi var breytt skv. ábendingum.
<p>Minjastofnun Íslands</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Minjastofnun Íslands (MÍ) bendir á að örnefnið Hestapingshóll er innan friðlýsta svæðisins og því rétt að fjalla um hann þó hóllinn sjálfur sé horfinn. 2. MÍ bendir á að áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda og rannsókna er gefið út skráning fornleifa fara fram á vettvangi. Mikilvægt sé að 15 metra friðhelgunarsvæði minjanna verði sýndar á skipulagsuppdrætti og að tekið sé tillit til þeirra við skipulagsgerð og allar framkvæmdir á svæðinu. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Umfjöllun um Hestapingshól var bætt inn í áætlunina. 2. Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendingarnar.
<p>Landgræðslan</p> <p>Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina og er reiðubúin að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir.</p>

<p>Samgöngustofa</p> <p>Í athugasemdum Samgöngustofu kom fram að telja megi ólíklegt að starfsemi flugvallarins/lendingarstaðarins á Tungubökkum verði til skaða fyrir Friðlandið við Varmárósa miðað við núverandi upplýsingar og tilmæli í Flugmálahandbók.</p> <p>Bent er á að sveitarfélagið ætti að koma á framfæri við forsvarsmenn landingarstaðarins Tungubakka-BIMS að flug fjarstýrðra loftfara sé óheimilt í friðlandinu. Sömu upplýsingum mætti einnig bæta við í síður BIMS í Flugmálahandbók.</p>	<p>Athugasemdin er í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins þar sem ekki koma fram áhyggjur vegna flugvallarins á Tungubökkum.</p> <p>Umhverfisstofnun mun koma ábendingu um reglur um flug fjarstýrðra loftfara á framfæri við forsvarsmenn landingarstaðarins og jafnframt til Samgöngustofu vegna Flugmálahandbókar.</p>
<p>Vegagerðin</p> <p>Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við áætlunina en óskar eftir frekara samstarfi varðandi mögulega þætti er snúa að verksviði hennar.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir.</p>
<p>Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti</p> <p>Fyrir almennan kynningartíma var óskað eftir ábendingum frá ráðuneyti málaflokksins og var bent á atriði til frekari skoðunar.</p>	<p>Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendingar og tillögur og var texta breytt í samræmi við þær, eftir því sem við átti .</p>